

# Álitsgerð

í héraðsdómsmálinu nr. E-4192/2012



gegn

Tryggingastofnun ríkisins og  
Íslenska ríkinu

Höfundur álitsgerðar: Dr. Ólafur Ísleifsson

Álitsgerðarbeiðandi: Daníel Isebarn Ágústsson hrl. f.h.

kt.



Ólafur Ísleifsson er dósent og framkvæmdastjóri gæðamála við Háskólann á Bifröst. Áður var hann lektor við Háskólann í Reykjavík og hefur verið stundakennari við Háskóla Íslands og Tækniskólann. Ólafur var sérfræðingur við Þjóðhagsstofnun, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabanka Íslands, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sérfræðingur á skrifstofu Norðurlanda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og síðar stjórnarmaður í AGS fyrir hönd Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. Hann hefur setið í samkeppnisráði, var kjörinn af Alþingi 2008 í stjórn Glitnis, síðar Íslandsbanka, var formaður stjórnar ISB Holding, eignarhaldsfélags Íslandsbanka, og formaður stjórnar stofnunar Sigurðar Nordals. Ólafur Ísleifsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1975, BS-prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands 1978, MSc-prófi í hagfræði frá London School of Economics and Political Science 1980 og doktorsprófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 2013. Ólafur hefur ritað um efnahagsmál og fjármál í blöð og tímarit og hefur fjallað um íslensk þjóðmál í fjölmörgum innlendum og erlendum fjölmiðlum.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Síðari matsbeiðni, sem hafnað var .....	4
Vinna við álitserð .....	5
Staðfesting.....	5
Lagaleg umgjörð .....	5
Ýmis neysluviðmið .....	8
Útgjaldarannsóknir Hagstofu Íslands.....	8
Lífskjararannsóknir Hagstofu Íslands .....	9
Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara .....	11
Neysluviðmið velferðarráðuneytisins .....	13
Aðdragandi neysluviðmiða velferðarráðuneytisins og tilgangur þeirra.....	15
Aðdragandi.....	15
Tilgangur neysluviðmiða .....	16
Aðferð við gerð neysluviðmiða.....	16
Þrjár tegundir neysluviðmiða.....	17
Dæmigert viðmið velferðarráðuneytis .....	18
Skammtímaviðmið velferðarráðuneytis .....	19
Grunnviðmið velferðarráðuneytis .....	19
Verðlagsforsendur í skýrslu og reiknivél velferðarráðuneytis .....	21
Viðmið um neyslu samkvæmt reiknivél velferðarráðuneytis .....	21
Gagnaöflun.....	24
Svör við spurningum.....	24
Heimildaskrá.....	29
Viðauki. Útgjaldaflókkar í neysluviðmiðum velferðarráðuneytis.....	31

## Inngangur

Í mars 2015 leitaði Daníel Ágúst Isebarn hrl. til Ólafs Ísleifssonar, hagfræðings við Háskólann á Bifröst, til að rita álitserð í framangreindu máli.

Í málinu hefur tvívegis af hálfu Hæstaréttar verið hafnað beiðni um matsgerð. Fallist var á kröfu stefnanda, [REDACTED], um dómkvaðningu matsmanns með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 2014. Hæstiréttur sneri úrskurðinum við og hafnaði dómkvaðningu 2. maí s.á. (mál nr. 237/2014). Ný matsbeiðni var þá lögð fram af hálfu stefnanda með endurskoðuðum matsspurningum. Héraðsdómur hafnaði dómkvaðningu með úrskurði 17. september 2014. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn með dómi 23. október 2014 (mál nr. 659/2014). Hæstiréttur klofnaði þó (2:1) í afstöðu sinni til síðari matsbeiðninnar. Einn hæstaréttardómari taldi orðalag spurninganna orðið með þeim hætti að það lyti að sönnun stefnanda fyrir kröfum sínum en ekki túlkun á 1 mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

## Síðari matsbeiðni, sem hafnað var

Í matsbeiðninni, sem lögð var fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. júní 2014 segir um **málavexti, málsástæður og lagarök**:

Stefnandi hefur ekki verið á vinnumarkaði í fjölda ára enda er hún óvinnufær vegna örorku sinnar. Ljóst er að stefnandi mun ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkaðinn. Stefnandi er hvorki gift né í sambúð. Hún á ekki börn og býr ein í eigin húsnæði.

Stefnandi hefur verið metin til hámarksörorku af stefnda Tryggingastofnun ríkisins og þannig miðar matið við að stefnandi sé að fullu óvinnufær. Stefnandi hefur fengið greiddan örorkulífeyri frá stefnda Tryggingastofnun ríkisins miðað við hámarksörorku allt frá 1. júní 2000. Stefnandi hefur engar aðrar tekjur, enda óvinnufær eins og áður segir. Hún hefur engar tekjur frá lífeyrissjóðum, frjálsum tryggingum, sveitarfélagi eða öðrum.

Mánaðarlegar tekjur stefnanda eru eingöngu þær bætur sem hún fær greiddar frá stefnda Tryggingastofnun ríkisins. Þær greiðslur voru við málshöfðun kr. 202.956 í hverjum mánuði en stefnandi telur þær ekki nægjanlegar.

Í tilvitnaðri matsbeiðni eru **matsspurningar** orðaðar með svofelldum hætti:

Með hliðsjón af ofanrituðu og gögnum málsins er þess óskað að matsmaður láti í ljós skriflegt og rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Hver eru eðlileg og hefðbundin mánaðarleg útgjöld til framfærslu stefnanda (kona sem er fædd 1970, hvorki hvorki gift né í sambúð, á ekki börn og býr ein í eigin húsnæði)?
2. Hver voru eðlileg og hefðbundin mánaðarleg útgjöld til framfærslu stefnanda á árinu 2012 (kona sem er fædd 1970, hvorki hvorki gift né í sambúð, á ekki börn og býr ein í eigin húsnæði)?

Í svari við spurningu 1 er óskað eftir umfjöllun um dæmigerð útgjöld fyrir manneskju í þeirri fjölskyldustöðu sem stefnandi er í.

Er þannig óskað eftir því að matsmaður meti hvað eðlilegt er að stefnandi þurfi mikið fé til að greiða fyrir húsnæði sitt (afborganir af lánunum, tryggingar, skattar hiti, rafmagn, viðhald og annar rekstrarkostnaður fasteignar) og öll önnur hefðbundin mánaðarleg útgjöld: matur, heimilisvörur, snyrtivörur, fatnaður, samgöngur, sjónvarp, sími, internet, afþreying, lækni- og lyfjakostnaður, sjúkraþjálfun og/eða nudd, ferðir í klippingu, tómsundur o.s.frv.

Þá er einnig óskað eftir því að tilfallandi árlegum útgjöldum (útgjöld sem falla til suma mánuði ársins) verði jafnað niður á hvern mánuð ársins og bætt við mánaðarleg útgjöld. Er hér t.d. átt við gjafir, viðhald á ökutæki (viðgerðir, dekkjaskipti, smurning, skoðun), ferðir til tannlæknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna, kostnaður við sumarfrí o.s.frv.

Svarið skal gefið upp með og án skatts, þ.e. tilgreina þarf mánaðarleg útgjöld (nettó) og hversu miklar tekjur þarf að hafa til þess að standa eftir með nægjanlegt fé eftir greiðslu skatta (brúttó).

Spurning 2 er sama spurning og nr. 1 nema hún miðast við verðlag ársins 2012.

## Vinna við álitserð

Enda þótt fyrir liggi að álitserð þessi er ekki matsgerð í skilningi IX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 hefur höfundur engu að síður fylgt við samningu hennar þeim vinnubrögðum sem matsmenn beita við samningu matsgerða a.ö.l. en því að enginn matsfundur var haldinn.

Í lok álitserðarinnar er leitað svara við þeim spurningum sem fram voru settar í síðari matsbeiðni stefnanda.

## Staðfesting

Neðangreind álitserð er unnin eftir bestu samvisku og þekkingu. Lýsir höfundur yfir því að hann er ekki í neinum hagsmunatengslum við þá aðila er álitserðin varðar. Höfundur lýsir jafnframt yfir því, að hann er reiðubúinn að staðfesta álitserðina fyrir dómi.

Reykjavík 27. apríl 2015,

Ólafur Ísleifsson

## Lagaleg umgjörð

Í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og

sambærilegra atvika." Í hæstaréttardómi uppkveðnum 19. desember 2000 (mál nr. 125/2000) taldi rétturinn að ákvæðið bæri að skýra

„á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarks framfærslu eftir fyrirfram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. [...] Skipulag, sem löggjafinn ákveður, verður þó að fullnægja þeim lágmarksréttindum, sem felast í ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður það að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti skv. því jafnréttis á við aðra sem réttar njóta, svo og almennra mannréttinda."

Lög um almannatryggingar, nú lög nr. 100/2007 með síðari breytingum, eru meðal þeirra laga sem útfæra rétt skv. stjórnarskrárákvæðinu.

Framan af var árlegur örorkulífeyrir almannatrygginga til þeirra sem fullnægðu skilyrðum laganna fyrir slíkum lífeyri, ákvarðaður í lögnum sjálfum og jafnhár ellilífeyri, sbr. 18. gr. og 15. gr. laga um almannatryggingar nr. 50/1946. Í skýringum með 15. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1946 segir um fjárhæðina:<sup>1</sup>

„Ætlazt er til, að þær fjárhæðir sem hér eru ákveðnar, nægi bótaþegum til framfærslu ef þeir eru heilsuhraustir, án tekna annars staðar að. En þar eð þær áætlanir um framfærslukostnað, sem fjárhæðir þessar byggjast á, eru mjög óvissar, telur nefndin rétt að bótafjárhæðirnar verði fljótlega teknar til endurskoðunar.

Fram á sjöunda áratug síðustu aldar var staðið að hækkun elli- og örorkulífeyris með þeim hætti að fjárhæðum var breytt með lögum hverju sinni. Með lögum nr. 20/1965, sem breyttu 84. gr. laga um almannatryggingar nr. 40/1963, var sú breyting gerð að ákveðið var að framvegis skyldu fjárhæðir bóta almannatrygginga fylgja grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnslu. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 20/1965 segir:<sup>2</sup>

„Bætur almannatrygginga hafa jafnan verið samræmdar almennum launahækkunum og þá ýmist verið miðað við almennt verkamannakaup eða laun opinberra starfsmanna. Síðan kjaradómur gekk um laun opinberra starfsmanna, hafa bætur þó verið samræmdar verkamannakaupi. Í stað þess að verða að breyta lögnum í hvert skipti, sem breytingar verða á grunnkaupi, virðist hagkvæmara að hafa almenna heimild til slíks í lögnum. Slíka heimild er að finna í lögum um atvinnuleysistryggingar (sjá 2. gr. laga nr. 4 13. febrúar 1959). Nokkuð álitamál getur verið, við hvaða kauptaxta heimild af þessu tagi á að miðast. Hér er lagt til að miðað verði við þá tegund verkamannavinnu, sem algengasta má telja hér á landi, þ. e. almenna fiskvinnu. Hefði ráðherra þá heimild til að breyta upphæðum bóta í samræmi við breytingar á grunnkauptaxta verkamanna við almenna fiskvinnu. Með grunnkauptaxta er þá átt við alla þrjá þætti kauptaxtans, þ. e. dagvinnutaxta, eftirvinnutaxta og næturvinnu taxta. Ef innbyrðis afstaða þessara þátta kauptaxtans breytist, yrði breyting hans að mælast sem breyting vegins meðaltals þáttanna þriggja. Þyngd hvers þáttar í meðaltölunni yrði þá að vera

<sup>1</sup> Frumvarp til almannatrygginga, þskj. 310, athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://althingi.is/altext/64/s/pdf/0310.pdf>. [Sótt á vefinn 24. apríl 2015.]

<sup>2</sup> Frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, þskj. 236, 116. mál, almennar athugasemdir við frumvarpið. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://althingi.is/altext/85/s/pdf/0236.pdf>. [Sótt á vefinn 24. apríl 2015.]

í sem beztu samræmi við raunverulega skiptingu vinnutímans hjá verkamönnum í fiskiðnaði á hverjum tíma. Um verðlagsuppbót á bætur fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 63 14. desember 1964, um verðtryggingu launa, sjá 1. gr. þeirra laga. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. er samhljóða 84. gr. laganna eins og hún er nú."

Þessi viðmiðun varðandi hækkun fjárhæða bóta almannatrygginga hélst nánast óbreytt til ársins 1995 þegar henni var tímabundið vikið til hliðar með bráðabirgðaákvæðum með lögnum, sem nú voru orðin lög nr. 117/1993 um almannatryggingar, fyrst með 34. gr. laga nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Í athugasemdum við 35. gr. frumvarpsins sem varð að 34. gr. laga nr. 144/1995 segir um þessa breytingu:<sup>3</sup>

„Fyrirhugað er að fella úr gildi öll lagaákvæði sem tengja bætur við laun og þess í stað að ákveða með fjárlögum hverju sinni hvernig bætur skuli breytast á næsta almanaksári. Er það í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að rjúfa sjálfvirka tengingu útgjalda og skatta við vísitölur og laun."

Með 9. gr. laga nr. 130/1997 um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1998 var 65. gr. laga nr. 117/1993 loks breytt í þá veru að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni, en við ákvörðun þeirra skuli taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 130/1997 segir um þessar breytingar:<sup>4</sup>

„Í stað núgildandi bráðabirgðaákvæðis um hækkun bóta almannatrygginga er í 9. gr. lagt til að þær verði framvegis endurskoðaðar árlega og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þannig er við það miðað að verðlagsmiðun ráði, ef verðlag hækkar meira en laun. Jafnframt er eðlilegt að fjárhæð bótanna verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni, enda byggist viðmiðun þeirra á sömu forsendum og fjárlög um almenna þróun launa og verðlags á fjárlagaárinu. [...]

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin árið 1996 í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að rjúfa sjálfvirkar tengingar skatta og útgjalda við breytingar sem ekki er á verksviði stjórnvalda að ákveða. Þessi stefna hefur átt þátt í þeim stöðugleika sem ríkt hefur hérlendis undanfarin ár. Hér er á hinn bóginn lögð til undantekning frá meginreglunni enda er verðtrygging nú orðið almennt viðhöfð við ákvörðun lífeyrisgreiðslna m.a. í lífeyrissjóðakerfinu.

[...] Breyting sú, sem hér er lögð til, veitir bótapegum almannatrygginga tryggingu fyrir því að fjárhæð bóta geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um.

[...]

Í 69. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, sem leysti 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar af hólmi, er svohljóðandi ákvæði:

<sup>3</sup> Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, þskj. 306, 225. mál, athugasemdir við 35. gr. frumvarpsins. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/120/s/0306.html>. [Sótt á vefinn 24. apríl 2015.]

<sup>4</sup> Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, þskj. 407, 323. mál, athugasemdir við 8. - 11. gr. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/122/s/0407.html>. [Sótt á vefinn 24. apríl 2015.]

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“

Enda þótt fyrirmæli almannatryggingalaga um hvernig standa skuli að árlegri hækkun bóta almannatrygginga séu skýr um að bætur almannatrygginga skuli árlega aldrei hækka minna en nemur breytingu á vísitölu neysluverðs mun staðreyndin sú að frá því að þessi breyting var gerð hafa bætur almannatrygginga ekki skilyrðislaust hækkaði í samræmi við þessa viðmiðun. Þetta kemur glöggt fram fyrir tímabilið 2008-2013 í töflu 1 í skýrslu Talnakönnunar frá júlí 2013 sem er meðal framlagðra skjala í málinu (dskj. 28).

## Ýmis neysluviðmið

Stjórnvöld hafa leitast við að setja fram ýmis neysluviðmið til að meta það sem kalla mætti lágmarksframfærslu einstaklinga og fjölskyldna. Hér á eftir verður vikið að helstu viðmiðum í þessu sambandi.

## Útgjaldarannsóknir Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands hefur um árabil framkvæmt umfangsmiklar rannsóknir á neysluútgjöldum heimila, svokallaða útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Samfelld útgjaldarannsókn hófst í ársbyrjun árið 2000 og hefur verið haldið áfram óslitið, Kannanir voru gerðar áður árin 1939/1940, 1953/1954, 1964/1965, 1978/79, 1985/86, 1990 og 1995. Sambærilegar rannsóknir eru framkvæmdar í öðrum löndum.

Megintilgangur útgjaldarannsókna er að afla upplýsinga um neysluútgjöld heimila fyrir útgjaldagrunn vísitölu neysluverðs. Þær veita þýðingarmikla vitneskju um breytingar á neyslumynstri og upplýsingar um heimilisútgjöld og samsetningu þeirra eftir ýmsum félagslegum og efnahagslegum þáttum.<sup>5</sup> Í gildandi lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 segir að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti gera athugun á heimilisútgjöldum, útgjaldarannsókn. Beint liggur við að nýta þessi gögn Hagstofu Íslands við smíði neysluviðmiða.

Taka má undir varnaðarorð höfunda *Greinargerðar um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu-staðla* að neyslukannanir Hagstofu Íslands gefa hér takmarkaða leiðsögn enda til þeirra stofnað í öðrum tilgangi, þ.e. að leggja grunn að verðmælingum á grundvelli vísitölu neysluverðs.<sup>6</sup> Útgjaldarannsóknir mæla meðalneyslu heimila sem hlýtur einkanlega að taka mið af meðaltekjum þeirra. Af slíkum gögnum verður að draga varlegar ályktanir um hvaða neyslu megi telja viðunandi og hvað má telja lágmarksneyslu. Samsetning neyslu í könnunum Hagstofu birtir ekki fasta og óhagganlega viðmiðunarneyslu heldur tekur neyslan breytingum í ljósi þess að aukinn kaupmáttur leiðir ekki til aukinna kaupa á öllum vörum heldur beinist aukinn kaupmáttur vegna aukinna tekna gjarnan að neyslu varnings sem fólk léti annars á móti sér, jafnvel munaðarvöru. Eftir stendur þá sú spurning hvar á milli lágmarksframfærslu

<sup>5</sup> Hagstofa Íslands. Rannsókn á útgjöldum heimila.

<sup>6</sup> Fjármálaráðuneyti (2003), bls. 24-25.



og meðalneyslu liggur neysla sem teljast má viðunandi? Fallast má á þá skoðun höfunda *Greinargerðar um fjölþrepaskatt og viðmiðunar-neyslustaðla* að hér þurfi að nokkru að leggja pólitískt gildismat til grundvallar ákvörðun um hvað telst viðunandi neysla.

## Lífskjararannsóknir Hagstofu Íslands<sup>7</sup>

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og þá sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og miðað við ráðstöfunartekjur heimila þegar efnahagsleg staða þeirra er metin. Við skipulagningu lífskjararannsóknarinnar var reynt að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri mynd af tekjum en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri mynd af þeim sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Lágtekjuhluftfall (e. at-risk-of-poverty rate) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi. Samkvæmt þessu notar Hagstofan afstæða skilgreiningu á fátæktarmörkum.

Með ráðstöfunartekjum á neyslueiningu (e. equivalised disposable income) er átt við ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi  $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$  þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

Lágtekjuhluftfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.

Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum skilgreinast af því að hafa svarað fjórum af eftirfarandi níu spurningum játandi:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum

---

<sup>7</sup> Í þessum hluta er stuðst við rit Hagstofu Íslands, Lágtekjumörk og tekjudreifing 2013.

2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 150 þúsund árið 2013)
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki
7. Hefur ekki efni á þvottavél
8. Hefur ekki efni á bíl
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Síðast birti Hagstofa Íslands rannsókn á lágtekjumörkum og tekjudreifingum í apríl 2014 og tekur hún til ársins 2013. Á árinu 2013 voru rúmlega 42 þúsund eða 13,7% landsmanna undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun (e. at risk of poverty or social exclusion). Stuðullinn hefur ekki mælst hærrí en hann var einnig 13,7% árið 2010. Lægst fór hann í 11,6 árið 2009.

Meðal fimm mælanlegra lykilmarkmiða sem Evrópusambandið hefur sett sér til að stefna að fyrir árið 2020 er að draga úr fátækt með því að fækka um 20 milljónir þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða eru í hættu á félagslegri einangrun. Þeir sem falla í þennan hóp eru einstaklingar sem eru undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil

Lágtekjumörk voru á árinu 2013 170.600 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 170.600 krónur á mánuði voru því fyrir neðan lágtekjumörk. Samsvarandi fjárhæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 358.400 krónur á mánuði.

Árið 2013 var lágtekjuhlutfallið (skýring 4) á Íslandi 9,3%. Lágtekjuhlutfallið hefur lengst af verið stöðugt, 9 til 10% en fór niður í tæp 8% árið 2012. Lágtekjuhlutfall er hlutfall þeirra sem eru með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi eða 170.600 árið 2013.

Niðurstaða nýjustu könnunarinnar er því sú að árið 2013 bjuggu tæp 2% landsmanna við verulegan skort á efnislegum gæðum. Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum hafa, eins og áður er getið, búið við eitthvað af eftirfarandi; lent í vanskilum með lán, ekki haft efni á frí með fjölskyldunni, ekki haft efni á kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, hafa ekki getað mætt óvæntum útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun.

## Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eru ætluð sem viðmið fyrir framfærslu þegar leitað er lausna á skuldavanda með samningi við lánadrottna og þegar einstaklingur hefur ákveðið að óska eftir gjaldþrotameðferð. Þau eru því ætluð til styttri tíma heldur en viðmið ýmissa annarra t.d. dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins, sem nánar verður vikið að hér á eftir.<sup>8</sup>

Viðmiðin, utan að hluta viðmiða fyrir samgöngukostnað, eru reiknuð með gögnum frá Hagstofu Íslands. Eins og áður er rakið hefur Hagstofan frá árinu 2000 staðið fyrir útgjaldarannsókn. Á heimasíðu Umboðsmanns skuldara er skýrt frá rannsókninni á þann veg að árinu sé skipt niður í 26 tveggja vikna tímabil og fyrir hvert tímabil sé valið úrtak 47 heimila af handahófi, samtals 1.222 heimili á ári. Þau heimili sem samþykkja þátttöku í könnuninni halda nákvæmt heimilisbókhalda í tvær vikur og svara svo spurningalistum varðandi tækjæign á heimilinu og stærri útgjöld á þriggja mánaða tímabili. Viðmiðin taki því mið af raunútgjöldum íslenskra heimila. Gildandi gagnagrunnur fyrir viðmið umboðsmanns skuldara eru reist á svörum 4.713 heimila í þessari útgjaldarannsókn Hagstofunnar.

Framfærsluviðmiði umboðsmanns skuldara er nánar lýst í yfirliti hér að neðan. Nánari sundurliðun útgjaldaflokka má finna á vef embættis umboðsmanns skuldara (ums.is).

1. Matur og hreinlætisvörur	Allur matur, drykkir aðrir en áfengir drykkir, óvaranlegar heimilisvörur, til dæmis hreingermingavörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Viðmiðið er reiknað sem miðgildi útgjalda fyrir hverja fjölskyldugerð. Það þýðir að 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk.
2. Föt og skór	Fatnaður og skór, fylgihlutir, fataefni og leiga, hreinsun og viðgerðir á fatnaði auk skóviðgerða. Viðmiðið er reiknað sem 33% hlutfallsmark fyrir fullorðna. Það þýðir að 33% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk fyrir fullorðna. Fyrir börn er viðmiðið reiknað sem miðgildi, þ.e. 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk fyrir börn.
3. Lækniskostnaður og lyf	Lyf og lækningavörur og kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu. Undir lyf og lækningavörur flokkast allar vörur sem ætlað er að bæta heilsu, líkamlegt ástand og hæfni, þ.m.t. vítamín og bætiefni. Undir heilbrigðisþjónustu flokkast lækniskostnaður hvernar tegundar sem er, sjúkraþjálfun og endurhæfing, sjúkrahúsvist, heilsuhæli og sjúkrabílar. Viðmiðið er reiknað sem miðgildi útgjalda fyrir hverja fjölskyldugerð. Það þýðir að 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til

<sup>8</sup> Vefur umboðsmanns skuldara.

	innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk.
4. Tómsundur	Tónlistar og myndefni, tómsundavörur, blóm og garðyrkja, gæludýr, íþróttir og tómsundaiðkun, menningarmál t.d. kvikmyndahús, leikhús og áskriftir að sjónvarpsstöðvum, bækur, pappír og ritföng. Við gerð viðmiðsins var litið til þess hvort útgjaldaliðurinn væri vegna barna, hvort útgjaldaliðurinn væri nauðsynlegur til að fólk gæti verið samfélagslega virkt og tekið þátt í félagslegum athöfnum og hvort útgjöldin væru almenn og hófleg, þ.e. hvort líklegt væri að meira en helmingur fólks notaði vöruna eða þjónustuna. Enn fremur var horft til staðkvæmdar milli einstakra útgjaldaliða til að koma til móts við mismunandi áhugamál fólks. Umboðsmaður skuldara setur þak á þennan flokk. Þannig getur upphæðin aldrei orðið hærri en sem nemur viðmiði fyrir fjölskyldur með þrjú börn.
5. Samskipti	Póstur, sími og internetáskrift. Viðmiðið er reiknað sem miðgildi útgjalda fyrir hverja fjölskyldugerð. Það þýðir að 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk.
6. Önnur þjónusta	Þjónustugjöld fjármálastofnanna, heimilisþjónusta, hársnyrting og önnur persónuleg snyrting og ýmis opinber þjónusta. Viðmiðið er reiknað sem miðgildi útgjalda fyrir hverja fjölskyldugerð. Það þýðir að 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir þennan flokk.
7. Samgöngur	Rekstur bifreiðar, þ.m.t. tryggingar en ekki fjármagnskostnaður og strætókort fyrir hvern fjölskyldumeðlim umfram tvo. Við útreikninga á rekstrarkostnaði bifreiða er stuðst við útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands, útreikninga Félags íslenskra bifreiðaeigenda, upplýsingar bifreiðumboða um eyðslu og útblástur ýmissa bifreiðategunda og upplýsingar tryggingafélaga um tryggingagjöld. Mánaðarverð strætókorta tekur mið af að keypt sé 3 mánaða kort. Þar sem strætisvagnasamgöngur eru ekki til staðar er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður vegna reksturs bifreiðar jafngildi kostnaði strætókortanna.
8. Önnur útgjöld	Fyrir önnur útgjöld notar umboðsmaður skuldara ekki viðmið, heldur tekur mið af raunútgjöldum hvers fjölskyldu. Þetta á t.d. við um eftirfarandi útgjöld: 1. Húsaleiga 2. Rafmagn, hiti og hússjóður 3. Fasteigna-, vatns- og fráveitugjöld 4. Tryggingar, aðrar en bílatryggingar 5. Skóli og dagvistun 6. Önnur útgjöld.

Samkvæmt framfærsluviðmiðun umboðsmanns skuldara 1. apríl 2015 nema útgjöld fyrir barnlausan einstakling í ofangreindum flokkum kr. 135.361. Gera þarf sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagn, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlum.

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eru ætluð til styttri tíma heldur en viðmið ýmissa annarra t.d. dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins. Verða þau af þeim sökum ekki lögð til grundvallar í þessari álitserð.

## Neysluviðmið velferðarráðuneytisins

Meginheimildirnar hér á landi um viðmið um neyslu einstaklinga og fjölskyldna eru skýrsla sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi sem velferðarráðherra lagði fram í febrúar 2011<sup>9</sup> og upplýsingar um neysluviðmið á vef velferðarráðuneytisins.<sup>10</sup>

Á vefsíðu velferðarráðuneytisins er greint frá því að í febrúar 2011 hafi velferðarráðherra lagt fram skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi. Skýrslan var lögð fram til almennrar kynningar og umræðu og birt á vef ráðuneytisins ásamt reiknivél þar sem einstaklingar gátu mátað sig að neysluviðmiðunum í samræmi við eigin aðstæður.

Upphaflega voru kynnt þrjú neysluviðmið, dæmigert viðmið, skammtímaviðmið og grunnviðmið. Sú breyting var gerð árið 2012 að einungis tvö neysluviðmið voru kynnt á vefsíðu ráðuneytisins, dæmigert viðmið og grunnviðmið í stað þriggja áður. Segir á vefsíðu ráðuneytisins að dæmigert viðmið eigi að endurspegla og gefa sem heildstæðasta mynd af dæmigerðum útgjöldum íslenskra heimila. Þá er miðað við miðgildi útgjalda, þannig að helmingur heimilanna er með lægri útgjöld og hinn helmingur heimilanna með hærri útgjöld.<sup>11</sup> Hér sé því hvorki um lágmarks- né lúxusviðmið að ræða. Á hinn bóginn gefi grunnviðmiðið vísbendingar um hvað fólk þurfi að lágmarki til að framfleyta sér.

Þess ber að geta að áður nefnt framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara, sem birt er á vefsíðu embættisins og notað er til að meta fjárhagsstöðu umsækjenda um þjónustu, er skammtímaviðmið sem að einhverju leyti má telja í ætt við skammtímaviðmið velferðarráðuneytisins. Er það í samræmi við að ráðgjöf Umboðsmanns skuldara miðast við aðgerðir til skamms tíma.

Fram kemur á vefsíðu velferðarráðuneytisins að í ljósi þess að engin hinna Norðurlandþjóðanna hafi útbúið viðmið vegna húsnæðiskostnaðar hafi verið ákveðið að húsnæðiskostnaður verði felldur út úr íslensku neysluviðmiðunum. Liðirnir húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti eru því ekki inni í íslensku neysluviðmiði eftir uppfærslu þess í maí 2012.

Á vefsíðu velferðarráðuneytisins segir, að neysluviðmiðin hafi verið uppfærð í þriðja sinn á vef velferðarráðuneytisins eftir upprunalega birtingu árið 2011. Segir að uppfærsla viðmiðanna sé gerð á grunni vísitölu neysliverðs, en ekki á grunni rannsókna Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna. Er það í samræmi við áætlun velferðarráðuneytisins að uppfæra neysluviðmiðin

<sup>9</sup> Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson. Íslensk neysluviðmið. Velferðarráðuneyti 2011.

<sup>10</sup> Efnisflokkurinn neysluviðmið á vef velferðarráðuneytisins hefur vefslóðina <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/nanar/nr/33453>.

<sup>11</sup> Miðgildi (e. median) er skýrt á vef Hagstofu Íslands sem sú tala sem er í miðjunni þegar öllum einstaklingum í talnasafni er raðað frá þeim lægsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmaninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.

a.m.k. þriðja hvert ár á grunni rannsókna Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna, en hin árin á grunni vísitölu neysluverðs. Til samræmis við aðferðafræði sem tíðkast víða erlendis við uppfærslu tekjuviðmiða, t.a.m. í Bandaríkjunum, er viðmiði haldið óbreyttu frá fyrra gildi ef vísitala er lægri en hún var við síðustu uppfærslu. Þetta felur í sér að tölur úr reiknivél á vef ráðuneytisins miðast við uppfært gildi fyrir vísitölu neysluverðs.

Velferðarráðuneyti tilgreinir að tilgangurinn með smíði neysluviðmiða sé að veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum sem þau geta haft til hliðsjónar þegar þau áætla eigin útgjöld, auk þess sem slík viðmið geta nýst við fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga og verið grunnur að ákvörðunum um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Tekið er fram að viðmiðin eru hvorki endanlegur mælikvarði á hvað sé hæfileg neysla fjölskyldna né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfærslu.

Raunveruleg útgjöld fjölskyldna liggja til grundvallar neysluviðmiðunum að því leyti að við gerð þeirra var stuðst við fyrrnefndar rannsóknir Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Beitt var svonefndri útgjaldaaðferð þar sem byggt er á upplýsingum um raunveruleg útgjöld íslenskra fjölskyldna. Útgjöldin eru sundurliðuð í 12 útgjaldaflokka, í stað 15 útgjaldaflokka áður. Í hverjum útgjaldaflokki er tekið miðgildi útgjalda sem felur í sér að helmingur heimila er með jafnhá eða lægri útgjöld í viðkomandi útgjaldaflokki. Flokkarnir eru þessir:

1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds;
2. föt og skór;
3. heimilisbúnaður;
4. raftæki og viðhald raftækja;
5. lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta;
6. sími og fjarskipti;
7. menntun og dagvistun;
8. veitingar;
9. önnur þjónusta fyrir heimili;
10. tómstundir og afþreying;
11. ökutæki og almenningsamgöngur;
12. annar ferðakostnaður.

Liðirnir húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti eru ekki inni í íslensku neysluviðmiði eftir uppfærslu þess í maí 2012, eins og áður er getið.

Á vefsíðu velferðarráðuneytis er greint frá að áhersla hafi verið lögð á að viðmiðin gæfu sem heildstæðasta mynd af útgjöldum fjölskyldna. Hjá nágrannaþjóðum sé algengt að húsnæðisútgjöld séu undanskilin við gerð neysluviðmiða með þeim rökum að sá kostnaður sé of breytilegur til þess að setja megi raunhæf viðmið og á hið sama við hér á landi. Greiðslur beinna skatta og opinberra gjalda eru ekki meðtaldar í neysluviðmiðunum.

Á vef velferðarráðuneytisins er jafnframt eins og áður segir reiknivél þar sem notendur geta skoðað neysluviðmiðin miðað við stærð fjölskyldu, heimilisaðstæður og búsetu. Gert er ráð fyrir að unnt sé að færa inn raunkostnað fyrir einstaka útgjaldaliði.

## Aðdragandi neysluviðmiða velferðarráðuneytisins og tilgangur þeirra

### Aðdragandi

Aðdragandi þess að velferðarráðuneytið lét gera skýrslu um neysluviðmið og birta opinberlega ásamt reiknivél er rakinn í inngangi skýrslunnar *Íslensk neysluviðmið*. Þar er rakið að þrátt fyrir að neysluviðmið hafi verið í þróun og notkun á öðrum Norðurlöndum allt frá 1978 hafi sambærileg viðmið ekki verið þróuð hérlandis.

Í kjölfar misgengis launaþróunar og greiðslubyrði almennra lántakenda af lánnum sem varð á árunum 1984–1988, var stofnaður sérstakur lánaflokkur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, nú Íbúðalánasjóður, undir heitinu greiðsluerfiðleikalán. Í úthlutunarreglum vegna greiðsluerfiðleikalána var krafist að lagt væri mat á greiðslugetu umsækjenda. Við greiðslumat var nauðsynlegt að tiltæk væru viðmið sem gæfu vísbendingar um hve háa fjárhæð ætti að ætla umsækjendum til framfærslu. Þar sem engin neysluviðmið voru fyrir hendi voru útbúin viðmið af hálfu þeirra sem fóru yfir umsóknir um greiðsluerfiðleikalán (viðskiptaráðuneytið, 2006). Árið 1991 veitti norræna embættismannanefndin um neytendamál Neytendasamtökunum styrk til að taka saman skýrsluna *Viðmiðunarneysla fyrir íslensk heimili* (1993:525) þar sem fjallað var um hvort unnt væri að setja saman slíkt neysluviðmið hérlandis.

Nefnd skipuð af fjármálaráðherra til að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþreparekjur hjá einstaklingum, benti á í skýrslu sinni árið 2003, að mikilvægt væri að hérlandis yrðu tekin upp opinber neysluviðmið. Í niðurstöðum sagði meðal annars:

„Nefndin telur brýna þörf á viðmiðunarreglum sem nota megi meðal annars við útreikning á greiðslubyrði, félagslegum bótum o.fl. og leggur til að slík neysluviðmiðun verði unnin. Eðlilegt er að nýta reynslu Norðmanna og Svía í þessum efnum og sníða viðmiðunarreglurnar eftir þeirri vinnu jafnframt því sem notast verði við þær innlendu rannsóknir um neyslu sem til eru, svo sem neyslukönnun Hagstofunnar og athuganir Manneldisráðs. Nefndin telur eðlilegt að verkið verði unnið af rannsóknarstofnun, til dæmis á vegum háskóla. Hagstofunni verði síðan falið að færa upp gagnagrunninn með reglubundnum hætti. Eðlilegt er að opinberir aðilar komi að fjármögnun verksins ásamt þeim aðilum sem einkum þurfa á slíkum neyslustöðlum að halda og að verkinu verði stjórnað af stýrihópi skipuðum sömu aðilum“.<sup>12</sup>

Árið 2004 var haldið hérlandis norrænt málþing um reynslu Norðurlanda af neysluviðmiðum. Á málþinginu kom fram að neysluviðmið væri gagnlegt fyrir fjárhagsráðgjöf og mikilvægt fyrir opinbera aðila, til dæmis félagsmálafyrirvöld, þegar reikna þyrfti grunnviðmið vegna framfærslu sveitarfélaga (viðskiptaráðuneytið, 2006). Árið 2004 samþykkti ríkisstjórnin að viðskiptaráðherra skipaði starfshóp er skyldi, eins og segir í skipunarbréfi, hafa

„umsjón með gerð forkönnunar á því hvort framkvæmanlegt er á Íslandi að semja slíka neysluviðmiðun, hverjir séu kostir þess og gallar miðað við íslenskar aðstæður. Einnig skal metið hvaða kostnaður kunnir að fylgja því að viðhalda slíkum grunni þannig að hann haldi áfram að gefa raunhæfa mynd varðandi þá þætti framfærslukostnaðar sem eðlilegt er að séu í íslenskri útgáfu neysluviðmiðunarinnar“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. iii).

<sup>12</sup> Fjármálaráðuneytið, 2003, bls. 31.

Nefndin taldi að vel væri framkvæmanlegt að vinna að útgáfu neysluviðmiðs en mælti gegn því að sérfræðingar yrðu fengnir til að meta þarfir og reikna út útgjöld, eins og gert hafði verið í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, þar sem sú leið væri tiltölulega kostnaðarsöm og ógagnsæ. Nefndin mælti með að notuð yrði svonefnd útgjaldaaðferð, þ.e. að íslenskt neysluviðmið yrði byggt upp á upplýsingum um íslenska neysluhegðun sem reglulega er aflað í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Í skýrslunni sagði enn fremur:

„Neysluviðmið eftir þeirri aðferð byggist að stórum hluta á fyrirliggjandi upplýsingum sem reglulega er aflað í neyslukönnun Hagstofu Íslands. Notkun fyrirliggjandi upplýsinga úr slíkum könnunum sparar verulega fjármuni við vinnslu almenns neysluviðmiðs fyrir Ísland og er byggt á hlutlægari aðferðum en þegar farin er svonefnd sérfræðingaleið“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. v).

Nefndin lagði til að neysluviðmið yrði byggt á því að skoðuð yrðu miðgildi útgjalda eins og þau birtast í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Nefndin benti jafnframt á mikilvægi þess að neysluviðmið yrði sett fram með þeim hætti að öllum væri ljóst að í því fælist ekki nein ein vísindaleg og hárrétt niðurstaða um hvað teljist viðunandi kjör fyrir tiltekna fjölskyldugerð.

### Tilgangur neysluviðmiða

Um tilgang neysluviðmiðanna segir í ávarpi ráðherra að skýrslunni *Íslensk neysluviðmið* að þeim sé fyrst og fremst ætlað að veita heimilum í landinu stuðning við áætlun eigin útgjalda, en þau geta einnig nýst við ákvarðanir um útgjaldaþörf einstaklinga og ólíkra fjölskyldna sem og til að nálgast viðmið til lágmarksframfærslu í landinu. Í neysluviðmiðum felist hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstaklingar eða einstakar fjölskyldur þurfi sér til framfæris. Eðli málsins samkvæmt verði þau aldrei endanleg þar sem þeim er ætlað að endurspeglar fjölbreytilegar neysluvenjur ólíkra fjölskyldugerða á hverjum tíma. Engu að síður beri að reyna að nálgast eðlileg grunnviðmið, sem nýta megi við umfjöllun og ákvarðanatöku um bætur og laun hjá ríki og sveitarfélögum, sem og viðmið við gerð kjarasamninga - viðmið sem tryggi fólki sómasamlega framfærslu.<sup>13</sup>

### Aðferð við gerð neysluviðmiða

Nefndin frá 2006 lagði til að dæmigert neysluviðmið yrði reist á miðgildi útgjalda í hverjum útgjaldaflokki. Þetta er gert vegna þess að meðaltal getur skekkst af völdum hárra og lágra gilda í gagnasafni. Miðgildið hefur sér til ágætis að verða síður fyrir áhrifum af völdum þess að tiltölulega lítill hópur hafi mjög há útgjöld í tilteknum útgjaldaflokki á tilteknu tímabili. Með því að velja miðgildið er einnig verið að gefa þau skilaboð að um hóflega dæmigerða neyslu sé að ræða. Sá einstaklingur sem neytir minna en 50% hópsins og meira en 50% hópsins er talinn vera hinn dæmigerði neytandi.

Í skýrslu viðskiptaráðuneytis, Kostir og gallar útgáfu neysluviðmiðs, er gerð grein fyrir tveimur helstu aðferðum sem hafa verið notaðar við gerð neysluviðmiða, annars vegar sérfræðingaleið og hins vegar útgjaldaaðferð. Um sérfræðingaleiðina segir:

---

<sup>13</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 3-4.



„Sérfræðingaleiðin byggist í grundvallaratriðum á þeirri aðferð að hópur sérfræðinga setur saman ítarlega vörukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri neyslupörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á tilteknum tíma. Verð þessarar vörukörfu myndar útgjaldaviðmið fyrir nánast hvaða lífsstíl sem vörugarfan endurspeglar. Í flestum tilvikum er um nákvæman lista af vörum í hverjum flokki að ræða, en í ákveðnum tilvikum er ákveðinni fjárhæð úthlutað til tiltekinna neysluflokka“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 19–20).

Nefndin mælti gegn því að sérfræðingar yrðu fengnir til að meta þarfir og reikna út útgjöld en mælti með því að notuð yrði svokölluð útgjaldaaðferð sem mest hefur verið notuð í Bandaríkjunum og Ástralíu (sama heimild). Í þeirri aðferð felst að viðmið eru uppfærð árlega út frá útgjaldarannsóknum í stað þess að byggja á tiltekinni vörukörfu og að verð hennar sé uppfært samkvæmt vísitölu (sama heimild). Oft er talað um þessar tvær leiðir sem leiðbeinandi (e. prescriptive) og lýsandi (e. descriptive) aðferðir. Sérfræðingaleiðin er leiðbeinandi í þeim skilningi að fyrst er tiltekin vörugarfa fundin sem talin er duga til að ná tilteknum lífskjörum. Útgjaldaaðferðin er lýsandi í þeim skilningi að hún leggur til grundvallar raunveruleg útgjöld og lýsir því útgjaldastigi sem þarf til að fjölskylda geti búið við tiltekin lífskjör á þann efnalega mælikvarða sem útgjöld heimila fela í sér.

Eins og að framan er getið er einkum um tvær aðferðir að velja þegar unnið er neysluviðmið. Sérfræðingaleiðin, sem til dæmis er notuð er í Noregi og Svíþjóð og útgjaldaleiðin, sem mest hefur verið notuð í Bandaríkjunum og Ástralíu. Ítarlegur samanburður á þessum aðferðum birtist í áliti nefndar viðskiptaráðherra um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðs (Viðskiptaráðuneytið, 2006). Í skýrslunni Íslensk neysluviðmið er lagt til grundvallar að útgjaldaleiðin sé heppilegust fyrir íslenskar aðstæður og var skýrslan unnin samkvæmt þeirri aðferð.<sup>14</sup>

Að öllu samanlögðu má álykta að í neysluviðmiðum reistum á útgjaldarannsóknum einum saman felst hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris. Þau gefa eingöngu til kynna hvernig dæmigerð neysla hefur mælst með tiltekinni aðferð. En eins og segir í skýrslunni Íslensk neysluviðmið geta þarfir einstaklinga og fjölskyldna geta verið mjög mismunandi. Til dæmis getur fjölskylda þar sem einstaklingar glíma við langtímaveikindi eða fatlanir haft þarfir sem endurspeglast ekki í neysluviðmiðum.<sup>15</sup>

### Þrjár tegundir neysluviðmiða

Ens og áður er getið eru í skýrslu velferðaráðuneytis, *Íslensk neysluviðmið*, kynntar tillögur um þrjár tegundir neysluviðmiða. Í fyrsta lagi er um að ræða dæmigerð viðmið sem er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi um hver útgjöld fjölskyldna eru miðað við hóflega neyslu þar sem þau eru byggð á miðgildi útgjalda. Í flestum tilvikum er viðmiðið byggt á niðurstöðum útgjaldarannsóknar Hagstofu Íslands en í ákveðnum útgjaldaflokkum var talið nauðsynlegt að nota aðrar aðferðir, sérstaklega þar sem um strjál útgjöld var að ræða, til dæmis vegna bifreiðakaupa og húsnæðiskostnaðar. Þá eru í öðru lagi reiknuð út skammtíma viðmið sem eru reist á sömu forsendum og hin dæmigerðu viðmið en gert er ráð

<sup>14</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 33.

<sup>15</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 13.

fyrir að fólk geti bæði dregið úr neyslu og frestað ákveðnum útgjaldaliðum til skemmri tíma eða allt að níu mánuði. Í þriðja lagi er um svokölluð grunnviðmið að ræða. Þar er um að ræða viðmið sem er ætlað að gefa vísbendingar um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum. Fram kemur að sérstakur stýrihópur verkefnisins lagði sérstakt mat á hvað teldust lágmarksútgjöld í hverjum útgjaldaflokki.<sup>16</sup>

Sú breyting var gerð árið 2012 að einungis tvö neysluviðmið voru kynnt á vefsíðu ráðuneytisins, dæmigert viðmið og grunnviðmið í stað þriggja áður, eins og áður er rakið. Skammtíma viðmiðið var því fellt brott úr flokki neysluviðmiða.

Til að viðmiðin gætu gefið heildstæða mynd af útgjöldum fjölskyldna var engin útgjaldaflokkur undanskilinn, en algengt er að útgjöld vegna húsnæðismála, svo að dæmi sé tekið, séu ekki meðtalin við smíði neysluviðmiða í nágrannalöndunum. Rökin fyrir því eru að kostnaður við húsnæði sé svo breytilegur að ekki sé rétt að gefa út viðmið í þeim efnum. Betra sé að fjölskyldur bæti raunútgjöldum vegna húsnæðis við hin opinberu viðmið.

Hvert hinna þriggja neysluviðmiða er reiknað fyrir mismunandi fjölskyldugerðir, þ.e. fjölda fullorðinna og fjölda barna. Aldur barna ræður einnig nokkru um hvernig kostnaður vegna menntunar og dagvistunar er reiknaður. Þá er einnig hægt að taka tillit til þess ef foreldrar barna búa ekki saman og um umgengni er að ræða. Að svo miklu leyti sem gögn Hagstofu Íslands leyfa er tillit tekið til búsetu. Eignarform húsnæðis og húshitunarkostir eru einnig breyta í útreikningnum. Að öllu samanlögðu má því segja að hér séu lögð fram fjölmörg mismunandi neysluviðmið sem taka tillit til margbreytilegra aðstæðna.

Rétt er að taka fram um val á meginleiðunum tveimur við gerð neysluviðmiða, að fljótt á litið birtist sérfræðingaleiðin sem dæmi um algildan (e. absolute) mælikvarða meðan útgjaldaaðferðin sýnist afstæð (e. relative) þar sem hún er reist á skiptingu neysluútgjalda. Tekið er fram í skýrslu um neysluviðmiðin að í raun sé munurinn ekki endilega svo skýr því í mörgum tilfellum byggjast neysluviðmið á blandaðri aðferð. Þetta skýrist af því að enda þótt önnur aðferðin sé lögð til grundvallar í aðalatriðum er gripið til annarra aðferða í tilfelli tiltekinna útgjalda. Þetta á til að mynda við þegar sérfræðingaaðferðin er notuð og ekki liggur fyrir góð greining á eðli útgjalda í tilteknum flokki, þá er oft gripið til þess ráðs að láta rauntölur ráða. Í öðrum tilfellum getur átt við að enda þótt útgjaldaaðferð sé notuð að meginstefnu til er sérstakt viðmið, byggt frá grunni, notað um einstaka útgjaldaliði, ekki síst ef útgjaldaökönnun er óáreiðanleg á einhverju sviði. Kemur fram að síðara dæmið á við um viðmiðin sem kynnt eru í skýrslu velferðarráðuneytis. Í nokkrum tilfellum, þar sem útgjöld eru tiltölulega strjál, er ekki hægt að byggja á útgjalदारannsókn Hagstofunnar einvörðungu og því er sérstök greining, í anda sérfræðingaaðferðarinnar, notuð í staðinn. Ítarlega er fjallað um þessi tilfelli í 4. kafla skýrslunnar.<sup>17</sup>

### Dæmigert viðmið velferðarráðuneytis

Dæmigert viðmið var upphaflega fundið með því að greina miðgildi útgjalda í tilgreindum útgjaldaflokkum. Eftir uppfærslu neysluviðmiða í maí 2012 eru útgjöldin nú sundurliðuð í 12

<sup>16</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 14.

<sup>17</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 34.

útgjaldaflokka í stað 15 útgjaldaflokka áður. Í hverjum útgjaldaflokka er tekið miðgildi útgjalda sem felur í sér að helmingur heimila er með jafnhá eða lægri útgjöld í viðkomandi útgjaldaflokka.

Flokkarnir eru þessir: 1) Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds; 2) föt og skór; 3) heimilisbúnaður; 4) raftæki og viðhald raftækja; 5) lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta; 6) sími og fjarskipti; 7) menntun og dagvistun; 8) veitingar; 9) önnur þjónusta fyrir heimili; 10) tómstundir og afþreying; 11) ökutæki og almenningsþingur; 12) annar ferðakostnaður.

Liðirnir húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti eru ekki inni í íslensku neysluviðmiði eftir uppfærslu þess í maí 2012. Notuð eru gögn úr rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimila.

Í tilvikum þar sem útgjöld eru mjög strjál eða óregluleg er gerð sérstök greining á útgjöldum miðað við forsendur um hóflegt neyslustig.

### Skammtíamaviðmið velferðarráðuneytis

Skammtíamaviðmiðið, sem ekki er lengur birt í reiknivél á vefsíðu velferðarráðuneytis, var reist á dæmigerða viðmiðinu. Allir útgjaldaliðir þess voru yfirfarnir og mat lagt á það hvort hægt væri að fresta þeim um allt að níu mánuði án þess að kæmi niður á þeim lífskjörum sem til viðmiðunar eru í dæmigerða viðmiðinu. Verkefnishópurinn gerði tillögu um slíka aðlögun sem var yfirfarin og samþykkt af stýrihópi verkefnisins. Unnt er að rökstyðja að ýmsum kostnaði megi fresta um tiltekinn tíma, svo sem meiri háttar viðhaldi vegna húsnæðis, kaupum á varanlegum neysluvörum og ýmiss konar útgjöldum vegna tómstunda. Skammtíamaviðmið var frábrugðið grunn- eða lágmarksviðmiði að því leyti að byggist á að lífskjör séu hin sömu og í langtíamaviðmiði, þ.e. hinu dæmigerða viðmiði sem svo er kallað í skýrslu.

### Grunnviðmið velferðarráðuneytis

Gerð viðmiða til að lýsa útgjöldum sem þarf að lágmarki til að viðhalda grunnlífskjörum er nokkuð annars eðlis en það viðfangsefni að þróa dæmigerð viðmið. Gerð lágmarksviðmiða var ekki hluti af upphaflegu skýrsluhöfunda velferðarráðuneytis en á síðari stigum var þess óskað að þessu þriðja viðmiði yrði bætt við. Í skýrslunni *Íslensk neysluviðmið* er rakið að enda þótt ekki sé um eiginleg fátækramörk eða lágmarksframfærsluviðmið að ræða, sé hér snertiflötur við fátækta- og lágmarksframfærsluviðmið. Er greint í skýrslunni frá rannsóknum á þessu sviði hér á landi og erlendis.<sup>18</sup>

Árið 2003 fól norska vinnumálaráðuneytið stofnuninni Statens institutt for forbruksforskning, SIFO, sem er norsk ríkisstofnun á sviði neyslurannsókna, að útbúa slík lágmarksviðmið og var lagt mat á þrjú mismunandi viðmið sem öll byggja á hóflegu neysluviðmiði stofnunarinnar í grunninn:

---

<sup>18</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 35-36.

1. Neysluviðmið þar sem allar vörur og þjónusta sem venjulega þarf að kaupa sjaldnar en árlega eru teknar út.
2. Neysluviðmið þar sem allar vörur og þjónusta sem venjulega þarf að kaupa sjaldnar en á tveggja ára fresti eru teknar út.
3. Neysluviðmið þar sem ákveðnir neysluflokkar, sem ekki heyra til nauðsynja, eru ekki meðtaldir.

Tvö fyrstnefndu viðmiðin eru skammtímaviðmið, ekki ósvipað því sem verkefnishópur velferðarráðuneytis lagði til grundvallar, en þriðja viðmiðið er langtímaviðmið. Bent er á að hið almenna neysluviðmið sé hóflegt eða dæmigert langtímaviðmið og að það sé hvorki lágmarks- né lúxusviðmið. Viðmiðið á einkum við heimili þar sem hinir fullorðnu eru þátttakendur á vinnumarkaði og hafa þegar komið sér upp heimili. Í viðmiðinu er þannig eingöngu gert ráð fyrir ákveðinni endurnýjun á því sem þarf til að reka heimili. Hið norska viðmið er unnið með þeim hætti að sérfræðingar á hverju sviði útbúa vörukörfu sem telst vera hófleg sem síðan er verðmæld. Nokkur áberandi frávík eru milli þessarar aðferðar og útgjaldaaðferðarinnar sem byggir á útgjaldarannsókn. Norska viðmiðið tekur til dæmis ekki tillit til kostnaðar vegna áfengis, tóbaks eða gosdrykkja. Hið norska viðmið er því leiðbeinandi viðmið sérfræðinga á hverju sviði. Engu að síður er unnt að hafa til hliðsjónar þá aðferðafræði sem SIFO beitir til að leggja mat á til hvaða útgjalda eigi að taka tillit við smíði bæði skammtíma- og lágmarksneysluviðmiða.<sup>19</sup> Við þróun grunnviðmiðs út frá dæmigerðu viðmiði sem þróað er með útgjaldaaðferðinni er tveggja kosta völ:

1. Að beita sömu aðferð og notuð er við skilgreiningu afstæðra lágtekju- eða fátæktarmarkna og skilgreina viðmiðin við lægra hlutfallsmark (e. quantile) en það sem neysluviðmiðin byggjast á, til dæmis við 40% eða 33% í stað 50% sem hin dæmigerðu neysluviðmið byggjast á eða að skilgreina afstæð grunnviðmið við tiltekið hlutfall af miðgildi útgjalda, til dæmis 67% eða 50% eins og sérfræðingahópur bandarísku hagstofunnar lagði til á sínum tíma.
2. Að beita sömu aðferðafræði og SIFO beitir og lagt hefur verið til að beitt sé við smíði skammtímaviðmiða, þ.e. að skoða hvern flokk fyrir sig og ákveða hvort nauðsynlegt sé að telja alla útgjaldaflokka neysluviðmiðs til lágmarksviðmiðs og að hversu miklu leyti eigi að taka mið af útgjöldum vegna þeirra.

Kostir við leið eitt eru að hún er gagnsæ og einföld, en gallinn er sá að erfitt getur reynst að rökstyðja að sömu hlutfallsmörk eigi við um alla flokka. Sumir útgjaldaflokkar eru þess eðlis að erfitt eða ómögulegt getur reynst til lengri tíma að draga úr útgjöldum vegna þeirra og aðrir eru þess eðlis að erfitt er að rökstyðja að þeir eigi heima í viðmiðum vegna lágmarksneyslu, til dæmis sumir undirliðir í tómstundaútgjöldum. Nefnd velferðarráðuneytisins telur kostinn við leið tvö vera að hún er líklegri til að leiða fram

---

<sup>19</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 37.

raunhæfari forsendur við smíði lágmarksviðmiða en gallinn er sá að slíkt mat er aldrei hægt að gera einungis á fræðilegum forsendum og verður alltaf að einhverju leyti huglægt.<sup>20</sup>

Greint er frá því í skýrslu velferðarráðuneytis að stýrihópur verkefnisins kaus að fylgja leið tvö í meginatriðum. Útgjaldadreifing í hverjum útgjaldaflokki, einkum 33% og 40% hlutfallsmörk, voru engu að síður höfð til hliðsjónar og í einstaka tilfelli notuð með beinum hætti. Grunnviðmiðið byggir á dæmigerða neysluviðmiðinu með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Noregi og Svíþjóð. Eins og í framangreindum norrænum fyrirmyndum eru ekki allir flokkar teknir með á þeirri forsendu að tiltölulega auðvelt er að skoða þá tilteknu flokka sérstaklega í tilfelli hvernar fjölskyldu. Útgjöld þau sem hér er um að ræða ná til stærri útgjaldaliða, svo sem húsnæðiskostnaðar og bifreiða. Er þessu fordæmi fylgt í skýrslunni og ákveðnir útgjaldaflokkar ekki teknir með en auk þess eru viðmið fyrir nokkra aðra flokka lækkuð.

### Verðlagsforsendur í skýrslu og reiknivél velferðarráðuneytis

Samkvæmt upplýsingum velferðarráðuneytis miðast verðlag í skýrslunni *Íslensk neysluviðmið* við vísitölu neysliverðs í desember 2010. Verðlag reiknivélar á vefsíðu ráðuneytisins miðast við vísitölu neysliverðs í febrúar 2014. Þessar upplýsingar miðast við 24. apríl 2015.<sup>21</sup>

Samkvæmt upplýsingum af vefsíðu Hagstofu Íslands eru gildi vísitölu neysliverðs miðað við grunn 1988 sem hér segir:

Desember 2010      366,7

Meðaltal ársins 2012   397,3

Febrúar 2014      418,7

Meðaltal ársins 2014   421,1

### Viðmið um neyslu samkvæmt reiknivél velferðarráðuneytis

Í ljósi viðfangsefnis álitsgerðar þessarar er eðlilegt að máta hag stefnanda við framfærsluviðmið velferðarráðuneytisins. Hér á eftir getur að líta tvær töflur um framfærsluviðmið velferðarráðuneytisins samkvæmt reiknivél þess. Miðað er við heimili í dreifbýli þar sem einn fullorðin er í heimili en engin börn. Tölurnar eru sóttar 25. apríl 2015 en áréttað skal að fjárhæðir í töflu miðast við verðlag í febrúar 2014.

### Tafla 1. Dæmigert viðmið um útgjöld einstaklings í dreifbýli

<sup>20</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 38.

<sup>21</sup> Sigríður Jónsdóttir. Munnlegar upplýsingar.

Útgjaldaflokkar	Viðmiðunarútgjöld
<b>Neysluvörur</b>	
Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	43.587
Föt og skór	14.328
Heimilisbúnaður	7.406
Raftæki og viðhald raftækja	4.709
<b>Þjónusta</b>	
Lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta	9.082
Sími og fjarskipti	13.053
Menntun og dagvistun	1.068
Veitingar	4.923
Önnur þjónusta fyrir heimili	5.083
<b>Tómstundir</b>	
Tómstundir og afþreying	38.985
<b>Útgjöld án samgangna og húsnæðiskostnaðar</b>	<b>142.223</b>
<b>Samgöngur</b>	
Ökutæki og almenningsamgöngur	80.840
Annar ferðakostnaður	12.239
<b>Heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar</b>	<b>235.302</b>

Dæmigerða viðmiðið gefur þannig að heildarútgjöld einstaklings í dreifbýli séu án húsnæðiskostnaðar 235.302 kr. á verðlagi febrúar 2014. Færð til meðalverðlags ársins 2014 fæst fjárhæðin 236.651 kr.

Í viðmiðinu er ekki tekið tillit til þess að öryrkjar geta eftir atvikum haft sérþarfir og og liðurinn lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta tekur ekki tillit til útgjalda sem stofnast af þessum ástæðum. Enda þótt öryrkjar njóti rýmri afsláttar en algengast er á sjúklingahluta lyfja- og lækningakostnaðar sýnist ekki óraunhæft að ætla að dæmigerða viðmiðið feli í sér lægri útgjöld vegna lyfja, lækningavara og heilsugæsluþjónustu en almennt verður að gera ráð fyrir að öryrkjar standi frammi fyrir í mánuði hverjum.

**Tafla 2.** Grunnviðmið um útgjöld einstaklings í dreifbýli

Útgjaldaflokkar	Viðmiðunarútgjöld
<b>Neysluvörur</b>	

Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	43.587
Föt og skór	9.054
Heimilisbúnaður	741
Raftæki og viðhald raftækja	471
<b>Þjónusta</b>	
Lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta	9.082
Sími og fjarskipti	10.703
Menntun og dagvistun	1.068
Veitingar	0
Önnur þjónusta fyrir heimili	3.812
<b>Tómstundir</b>	
Tómstundir og afþreying	13.229
<b>Útgjöld án samgangna og húsnæðiskostnaðar</b>	<b>91.746</b>
<b>Samgöngur</b>	
Ökutæki og almenningsamgöngur	9.300
Annar ferðakostnaður	0
<b>Heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar</b>	<b>101.046</b>

Grunnviðmiðið gefur þannig að heildarútgjöld einstaklings í dreifbýli séu án húsnæðiskostnaðar 101.046 kr. á verðlagi febrúar 2014. Færð til meðalverðlags ársins 2014 verða þessi heildarútgjöld 101.625 kr.

Samkvæmt dæmigerða viðmiðinu á verðlagi febrúar 2014 teljast mánaðarleg útgjöld án húsnæðiskostnaðar vera 235.302 kr. Grunnviðmiðið gefur á hinn bóginn talsvert lægri mánaðarlega fjárhæð eða 101.046 kr. sem er um 43% af dæmigerða viðmiðinu. Samanburður á grunnviðmiði og dæmigerðu viðmiði leiðir í ljós að munurinn á þeim er 134.256 kr. á verðlagi í febrúar 2014. Þar af eru útgjöld vegna samgangna 83.779 kr. lægri í grunnviðmiðinu. Grunnviðmiðið byggist á að mánaðarleg útgjöld vegna ökutækis og almenningsamgangna séu 9.300 kr. á verðlagi í febrúar 2014. Enginn annar kostnaður reiknast vegna samgangna í því viðmiði. Fjárhæð samgönguliðar í grunnviðmiðinu nemur sem næst 10% af samgönguliðnum í dæmigerðu viðmiði enda er í grunnviðmiði ekki gert ráð fyrir rekstri eigin bifreiðar.

Liðurinn samgöngur einn og sér skýrir 62,4% af þeim mun sem er á heildarútgjöldum í viðmiðunum tveimur. Þegar fjallað er um hag fatlaðs einstaklings sem á heima í dreifbýli þar sem ekki nýtur reglubundinna almenningsamgangna kemur naumast til álita annað en að leggja til grundvallar að gert sé ráð fyrir rekstri eigin bifreiðar.

Þegar leitað er svara um hvað telja megi eðlileg og venjuleg viðmið um neyslu liggja þannig fyrir tveir kostir sem birtir hafa verið af hálfu hins opinbera, annars vegar grunnviðmið og dæmigert viðmið. Vandséð er hvernig unnt er að fella óbreytt grunnviðmið velferðarráðuneytisins undir þá skilgreiningu að þau útgjöld sem þar birtist geti talist lýsa eðlilegri og venjulegri afkomu. Í þessu sambandi má vísa í grundvallarreglur sem norska

neyslurannsóknastofnunin SIFO, sem áður er getið, leggur til grundvallar við gerð neysluviðmiða. Þær eru m.a. að þau lýsi kostnaði við að halda uppi eðlilegri og hóflegri neyslu þar sem eðlilegt og hóflegt feli í sér að neysla á því stigi sé almennt talin viðunandi.<sup>22</sup>

Af þeim viðmiðum sem hafa verið birt og hér hefur verið fjallað um verður því almennt að ætla að hið dæmigerða viðmið velferðarráðuneytisins komist nærri því að geta talist nýtilegt til að leggja til grundvallar þegar leitað er svara við þeim spurningum sem þessi álitgerð fjallar um. Í svörunum sem hér fara á eftir er einnig tekinn sá kostur til hliðsjónar að leggja til grundvallar grunnviðmið sem hefur verið aðlagð með þeim hætti að útgjöld dæmigerða viðmiðsins vegna ökutækis og almenningssamgangna er sett inn í grunnviðmiðið í stað þeirrar fjárhæðar sem þar er tilgreind.

## Gagnaöflun

Kallað var eftir gögnum frá lögmanni stefnanda vegna útgjalda stefnanda vegna afborgana af húsnæðislánum og vegna orkukostnaðar, en fram kemur í gögnum málsins að stefnandi býr í eigin húsnæði.

Húseigendur þurfa einnig að greiða fasteignagjöld og lögboðna brunatryggingu. Af bankayfirlitum stefnanda 2012 er ljóst að hún greiðir 11.775 kr. flesta mánuði ársins til Rangárþings ytra. Sömu yfirlit 2014 sýna að hún greiðir 11.760 kr. flesta mánuði ársins til sama sveitarfélags. Þykir óhætt að leggja til grundvallar að hér ræði um fasteignagjöld hennar og þau hafi þannig verið 117.750 kr. árið 2012 og 117.600 árið 2014.

Yfirlit frá tryggingafélaginu Verði sýnir að árið 2012 greiðir stefnandi samtals 51.014 kr. vegna brunatryggingar húseignar. Árið 2014 greiðir stefnandi samtals 54.938 kr. vegna þessa.

## Svör við spurningum

Spurningar sem leitað við í þessari álitgerð eru þær sömu, eins og rakið er í kaflanum *Síðari matsbeiðni sem hafnað var*. Höfundur lætur í ljós skriflegt og rökstutt álit á eftirfarandi:

1. *Hver eru eðlileg og hefðbundin mánaðarleg útgjöld til framfærslu stefnanda (kona sem er fædd 1970, hvorki hvorki gift né í sambúð, á ekki börn og býr ein í eigin húsnæði)?*

Samkvæmt dæmigerða viðmiðinu eru mánaðarleg útgjöld einhleyps einstaklings sem ekki á börn kr. 235.302 á verðlagi í febrúar 2014. Á meðalverðlagi ársins 2014 er þessi fjárhæð 236.651 kr. Eins og áður er komið fram er ekki tekið tillit til húsnæðiskostnaðar í dæmigerða viðmiðinu.

Gagnaöflun leiddi eftirfarandi í ljós varðandi fastan húsnæðiskostnað stefnanda á árinu 2014. Ræðir um greiðslur sem dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og meðaltal þeirra telst eðli málsins samkvæmt vera á meðalverðlagi ársins:

Mánaðarleg afborgun af húsnæðisláni                      68.409 kr.

---

<sup>22</sup> Borgeraas, Elling, glæra 12. Í texta sínum notar Borgeraas, sem er rannsóknastjóri SIFO á þessu sviði, orðið „reasonable“ sem hér er lagt út sem eðlilegt og hóflegt.



Fasteignagjöld á mánuði	9.800 kr.
Brunatrygging á mánuði	4.578 kr.
Rarik á mánuði	12.326 kr.
Orkusalan á mánuði	16.773 kr.

Samtals fastur húsnæðiskostnaður á mánuði 111.886 kr.

Til samanburðar má má geta þess að Harpa Njáls, sérfræðingur í velferðarrannsóknum og félagslegri stefnumótun, leggur til grundvallar að mánaðarlegur leigukostnaður einstaklings nemi um þessar mundir kr. 150.000 á mánuði.<sup>23</sup>

Útgjöld vegna ökutækis og almenningssamgangna samkvæmt dæmigerða viðmiðinu nema 80.840 kr. á mánuði á febrúarverðlagi 2014. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) birtir árlega samantekt um rekstrarkostnað eigin bifreiðar. Félagið telur rekstur bíls í ódýrasta verðflokki (2.800.000 kr.) vera liðlega 1,2 m.kr. miðað við 15.000 km akstur og rúmlega 1,7 m.kr. miðað við 30.000 km akstur. Þessar fjárhæðir eru á bilinu 20-60 þús. kr. hærri á mánuði fyrir árið 2014 en dæmigerða viðmiðið gengur út frá.<sup>24</sup>

Að viðbættum þekktum föstum húsnæðiskostnaði árið 2014 gefur dæmigerða viðmiðið heildarkostnað samtals kr. 348.537 (236.651 kr. + 111.886 kr.) á mánuði á meðalverðlagi ársins 2014.

Mánaðarlaun sem veita 348.537 kr. í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2014 eru kr. 482.846.

Væri grunnviðmið velferðarráðuneytis án kostnaðar við ökutæki og almenningssamgöngur (101.046 kr. - 9.300 kr.) lagt til grundvallar að viðbættum kostnaði við ökutæki og almenningssamgöngur skv. dæmigerða viðmiðinu (80.840 kr.) fást heildarútgjöld að fjárhæð 172.586 kr. á verðlagi febrúar 2014. Á meðalverðlagi ársins 2014 verður þessi fjárhæð 173.575 kr. Að viðbættum þekktum föstum húsnæðiskostnaði árið 2014 gefur þessi útfærsla á grunnviðmiðinu heildarútgjöld að fjárhæð 285.461 kr. (173.575 kr. + 111.886 kr.) og er sú fjárhæð á meðalverðlagi 2014.

Mánaðarlaun sem veita 285.461 kr. í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2014 eru 378.173 kr.

2. *Hver voru eðlileg og hefðbundin mánaðarleg útgjöld til framfærslu stefnanda á árinu 2012 (kona sem er fædd 1970, hvorki hvorki gift né í sambúð, á ekki börn og býr ein í eigin húsnæði)?*

Samkvæmt dæmigerða viðmiðinu eru mánaðarleg útgjöld einhleyps einstaklings sem ekki á börn 235.302 kr. á verðlagi í febrúar 2014. Á meðalverðlagi ársins 2012 eru þessi

<sup>23</sup> Harpa Njáls (2015), bls. 67.

<sup>24</sup> Félag íslenskra bifreiðaeigenda, rekstrarkostnaður bifreiða 2014, sjá: [http://issuu.com/fib.is/docs/rekstrarkostnadur\\_januar\\_2014\\_nyr\\_b](http://issuu.com/fib.is/docs/rekstrarkostnadur_januar_2014_nyr_b).

útgjöld 223.276 kr. Eins og áður er komið fram er ekki tekið tillit til húsnæðiskostnaðar í dæmigerða viðmiðinu.

Gagnaöflun leiddi eftirfarandi í ljós varðandi fastan húsnæðiskostnað stefnanda á árinu 2012. Ræðir um greiðslur sem dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og meðaltal þeirra telst eðli málsins samkvæmt á meðalverðlagi ársins:

Mánaðarleg afborgun af húsnæðisláni	60.072 kr.
Fasteignagjöld á mánuði	9.812 kr.
Brunatrygging á mánuði	4.251 kr.
Rarík á mánuði	10.768 kr.
Orkusalan á mánuði	11.795 kr.
Samtals fastur húsnæðiskostnaður á mánuði	96.698 kr.

Útgjöld vegna ökutækis og almenningsamgangna samkvæmt dæmigerða viðmiðinu eru 80.840 kr. á verðlagi í febrúar 2014. Á meðalverðlagi ársins 2012 verður þessi fjárhæð 76.708 kr. á mánuði. Eins og áður greinir birtir FÍB árlega samantekt um rekstrarkostnað eigin bifreiðar. Félagið telur rekstur bíls í ódýrasta verðflokki (2.700.000 kr.) á árinu 2012 vera tæplega 1,2 m.kr. miðað við 15.000 km akstur og tæplega 1,7 m.kr. miðað við 30.000 km akstur. Þessar fjárhæðir eru á bilinu 20-60 þús. kr. hærri á mánuði en dæmigerða viðmiðið gengur útfrá á verðlagi ársins 2012.<sup>25</sup>

Að viðbættum þekktum föstum húsnæðiskostnaði árið 2012 gefur dæmigerða viðmiðið heildarkostnað samtals 319.974 kr. (223.276 kr. + 96.698 kr.) á mánuði á meðalverðlagi ársins 2012.

Mánaðarlaun sem veita 319.974 kr. í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2012 eru kr. 446.420.

Væri grunnviðmið velferðarráðuneytis án kostnaðar við ökutæki og almenningsamgöngur (101.046 kr. - 9.300 kr.) lagt til grundvallar að viðbættum kostnaði við ökutæki og almenningsamgöngur (80.840 kr.) skv. dæmigerða viðmiðinu fást heildarútgjöld að fjárhæð 172.586 kr. á verðlagi í febrúar 2014. Á meðalverðlagi ársins 2012 verður þessi fjárhæð 163.765 kr. Að viðbættum þekktum föstum húsnæðiskostnaði árið 2012 gefur þessi útfærsla á grunnviðmiðinu heildarútgjöld að fjárhæð 260.463 kr. (163.765 kr. + 96.698 kr.) á meðalverðlagi ársins 2012.

Mánaðarlaun sem veita 260.463 kr. í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2012 eru 346.837 kr.

<sup>25</sup> Félag íslenskra bifreiðaeigenda, reksturskostnaður bifreiða 2012, sjá: [http://issuu.com/fib.is/docs/reksturskostna\\_\\_ur\\_bifrei\\_\\_a\\_2012pd](http://issuu.com/fib.is/docs/reksturskostna__ur_bifrei__a_2012pd)

*Í svari við spurningu 1 er óskað eftir umfjöllun um dæmigerð útgjöld fyrir manneskju í þeirri fjölskyldustöðu sem stefnandi er í.*

*Er þannig óskað eftir því að metið sé hvað eðlilegt er að stefnandi þurfi mikið fé til að greiða fyrir húsnæði sitt (afborganir af lánum, tryggingar, skattar hiti, rafmagn, viðhald og annar rekstrarkostnaður fasteignar) og öll önnur hefðbundin mánaðarleg útgjöld: matur, heimilisvörur, snyrtivörur, fatnaður, samgöngur, sjónvarp, sími, internet, afþreying, læknis- og lyfjakostnaður, sjúkraþjálfun og/eða nudd, ferðir í klippingu, tómstundir o.s.frv.*

*Þá er einnig óskað eftir því að tilfallandi árlegum útgjöldum (útgjöld sem falla til suma mánuði ársins) verði jafnað niður á hvern mánuð ársins og bætt við mánaðarleg útgjöld. Er hér t.d. átt við gjafir, viðhald á ökutæki (viðgerðir, dekkjaskipti, smurning, skoðun), ferðir til tannlæknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna, kostnaður við sumarfrí o.s.frv.*

Í dæmigerða viðmiðinu, sbr. umfjöllun hér að framan, kemur fram hvaða útgjaldaþættir einstaklings eru lagðir til grundvallar. Vísast til þeirrar umfjöllunar. Beitt er þeirri aðferð við mat á húsnæðiskostnaði að leggja til grundvallar staðfestar upplýsingar um raunútgjöld fastra liða en þeir eru afborganir af íbúðalánum, fasteignagjöld, lögboðin brunatrygging og orkukostnaður. Ekki þykir fært að tilgreina sérstaklega viðhaldskostnað húsnæðis í þessari álitsgerð.

*Svarið skal gefið upp með og án skatts, þ.e. tilgreina þarf mánaðarleg útgjöld (nettó) og hversu miklar tekjur þarf að hafa til þess að standa eftir með nægjanlegt fé eftir greiðslu skatta (brúttó).*

**Spurning 1 (2014):** Sé hið dæmigerða viðmið velferðarráðuneytisins lagt til grundvallar þurfa ráðstöfunartekjur einstaklings sem um ræðir hér að vera kr. 348.537. Mánaðarlaun sem veita kr. 348.537 í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2014 nema kr. 482.846.

Sé aðlagð grunnviðmið velferðarráðuneytis lagt til grundvallar þurfa ráðstöfunartekjur einstaklingsins sem um ræðir hér að vera kr. 285.461. Mánaðarlaun sem veita kr. 285.461 í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2014 nema kr. 378.173.

**Spurning 2 (2012):** Sé hið dæmigerða viðmið velferðarráðuneytisins lagt til grundvallar þurfa ráðstöfunartekjur einstaklings sem um ræðir hér að vera kr. 319.974. Mánaðarlaun sem veita kr. 319.974 í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2012 nema kr. 446.420.

Sé aðlagð grunnviðmið velferðarráðuneytis lagt til grundvallar þurfa ráðstöfunartekjur einstaklingsins sem um ræðir hér að vera kr. 260.462. Mánaðarlaun sem veita kr. 260.463 í ráðstöfunartekjur miðað við gildandi skattþrep og persónufrádrátt á árinu 2012 nema kr. 346.837.

*Spurning 2 er sama spurning og nr. 1 nema hún miðast við verðlag ársins 2012.*

Svar við spurningu 2 miðast við verðlag ársins 2012.

## Heimildaskrá

Alþingistíðindi (vefútgáfa).

Borgeraas, Elling. Critical perspectives on subsistence levels: The case of Norway and beyond. Sótt 26. apríl 2015 af <http://www.fininc.eu/gallery/documents/w10/5-ebogeraas.pdf>.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda. Reksturskostnaður bifreiða 2012. Sótt 26. apríl 2015 af: [http://issuu.com/fib.is/docs/reksturskostna\\_ur\\_bifrei\\_a\\_2012pd](http://issuu.com/fib.is/docs/reksturskostna_ur_bifrei_a_2012pd).

Félag íslenskra bifreiðaeigenda. Reksturskostnaður bifreiða 2014. Sótt 26. apríl 2015 af: [http://issuu.com/fib.is/docs/rekstrarkostnadur\\_januar\\_2014\\_nyr\\_b](http://issuu.com/fib.is/docs/rekstrarkostnadur_januar_2014_nyr_b).

Fjármálaráðuneytið. (2003). Greinargerð um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslustaðla nr. 6/2003. 2003. Sótt 23. apríl 2015 af <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/226>.

Hagstofa Íslands. Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður. Lágtekjumörk og tekjudreifing 2013. 99. árg. 14. tbl. 2014:5. Sótt 24. apríl 2015 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16594>.

Hagstofa Íslands. Rannsókn á útgjöldum heimila. Sótt 24. apríl 2015 af [http://www.hagstofa.is/vorulysingar/v\\_transporter.asp?filename=V01031.htm](http://www.hagstofa.is/vorulysingar/v_transporter.asp?filename=V01031.htm).

Harpa Njáls. Dugar launakrafan til mannsæmandi framfærslu? Morgunblaðið 25. apríl 2015, bls. 67.

Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson. Íslensk neysluviðmið. Velferðarráðuneyti 2011.

Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneyti. Munnleg heimild í símtali 7. apríl 2015.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi, Umboðsmanni skuldara. Munnleg heimild í símtali 10. apríl 2015.

Vefur Hagstofu Íslands. Sótt 23. apríl 2015 af [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

Vefur norsku rannsóknarstofnunarinnar um neysluútgjöld, Statens institutt for forbruksforskning, SIFO. Sótt 23. apríl 2015 af <http://www.sifo.no/>.

Vefur umboðsmanns skuldara. Sótt 25. apríl 2015 af <http://www.ums.is/reiknivelar/framfaersluvidmid/>.

Vefur velferðarráðuneytis um efnisflokkinn neysluviðmið. Sótt 21. apríl 2015 af <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/nanar/nr/33453>.

Viðskiptaráðuneytið. Kostir og gallar útgáfu neysluviðmiðs, nefndarálit. Reykjavík 2006. Sótt 23. apríl 2015 af [http://www.rsv.is/files/Skra\\_0015682.pdf](http://www.rsv.is/files/Skra_0015682.pdf).



## Viðauki. Útgjaldaflokkar í neysluviðmiðum velferðarráðuneytis

Í skýrslunni *Íslensk neysluviðmið* er tekið fram að eftirfarandi listi sé ekki tæmandi upptalning á þeim vörum sem tilheyra hverjum útgjaldaflokki en gefi hugmynd um hvernig beri að flokka einstök útgjöld.<sup>26</sup> Upphaflega var útgjöldum í neysluviðmiðum velferðarráðuneytis skipt í 15 flokka. Liðirnir húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti eru ekki inni í íslensku neysluviðmiði eftir uppfærslu þess í maí 2012.

### 1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds

#### a. Matur (011)

i. Brauð og kornvörur: Hrísgjón, brauð, pasta, hveiti, haframjöl, annað mjöl, sætabrauð, kökur, flatkökur, tvíbökur, hrökkbrauð, kex, morgunverðarkorn, barnamatur úr kornblöndu, rasp, snakk úr korni, poppkorn, poppmaís.

ii. Kjöt: Nautakjöt nýtt, kálfakjöt nýtt, svínakjöt nýtt, dilkakjöt nýtt, fuglakjöt nýtt, annað nýtt kjöt, unnið kjöt, reykt og saltað, innmatur, pylsur, bjúgu, álegg og annað unnið kjöt.

iii. Fiskur: Nýr fiskur, saltfiskur, reyktur fiskur, harðfiskur, rækjur og annar skelfiskur, marineruð síld, fiskhakk, niður-soðnar fiskafurðir, graflax, kavíar, fiskréttir.

iv. Mjólk, ostar og egg: Nýmjólk, léttmjólk, fjörmjólk, undanrenna, þurrmjólk, súrmjólk, skyr, jógúrt, þykkmjólk, abt-mjólk o.þ.h., rjómi, sýrður rjómi, kókómjólk, ostar og egg.

v. Olíur og feitmeti: Smjör, smjörvi o.þ.h., smjörlíki, olíur.

vi. Ávextir: Nýjir ávextir, þurrkaðir ávextir, frosnir ávextir, niður-soðnir ávextir, hnetur.

vii. Grænmeti, kartöflur o.fl.: Nýtt grænmeti, þurrkað grænmeti, frosið grænmeti, niðursoðið grænmeti, kartöflur nýjar, franskar kartöflur frosnar, kartöflumús í pökkum, kartöflusnakk.

viii. Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.: Strásykur, púðursykur, molasykur, flórsykur, sætuefni, sultur, marmelaði, hunang, síróp, suðusúkkulaði, súkkulaði, sælgæti, ís.

ix. Aðrar matvörur: Tómatósósa, sinnep, majones, sósur, ídýfur, salt, krydd, súpur, tilbúin salöt.

#### x. Drykkjarvörur (012)

---

<sup>26</sup> Íslensk neysluviðmið, bls. 104.

- xi. Kaffi, te og kakó: Kaffi, te, kakómalt, kakó.
- xii. Gosdrykkir, safar og vatn: Gosdrykkir, kolsýrt vatn, vatn, ávaxtasafar, grænmetis-safar.
- xiii. Óvaranlegar heimilisvörur (0561)
- xiv. Hreingerningarvörur og aðrar óvaranlegar heimilisvörur: Þvottaefni, mýkingarefni, uppþvottalögur, sótthreinsandi bleikiefni, ræstiefni ýmiskonar, gluggahreinsiefni, fægilögur, bón, skóáburður, pokar, plastfilmur, kerti, servéttur, eldhúsrúllur, pappírsílát, uppþvottaburstar, gúmmíhanskar, kústar, lím og límband.
- b. Hreinlætis- og snyrtivörur (1212)
  - i. Hreinlætisvörur, snyrtivörur og snyrtiáhöld: Tannkrem, sjampó, snyrtivörur, snyrtitæki, sápur, bleyjur, klósettpappír, bréfpurrkur, blautpurrkur, aðrar hreinlætisvörur og tæki

## **2. Föt og skór**

- a. Föt (031)
  - i. Karlmannaföt, kvenföt, barnaföt, íþróttaföt, hanskar, vettlingar, ýmsir fylgihlutir fatnaðar, garn og tvinni, fataefni, fatahreinsun, fataleiga.
- b. Skór (032)
  - i. Skór og skóviðgerðir.

## **3. Heimilisbúnaður**

- a. Húsgögn og heimilisbúnaður (051)
  - i. Húsgögn, mottur, lampar, myndir, munir til heimilisprýði.
- b. Vefnaðarvörur til heimilis (052)
  - i. Handklæði, viskustykki, dúkar, púðar, gardínur, rúmteppi, sængurföt, sængurver.
- c. Borðbúnaður, glös, eldhús- og heimilisáhöld (054)
  - i. Diskar, glös, könnur og annað leirtau, hnífapör, pottar, pönnur og önnur eldhúsáhöld.
- d. Aðrir persónulegir hlutir (1222)
  - i. Töskur, skólatöskur, seðlaveski, sólgleraugu, kveikjarar, reglhlífar, barnastólar, barnavagnar og -kerrur, snuð, pelar og barnavörur aðrar en bleyjur og hreinsivörur.

## **4. Raftæki og viðhald raftækja**

- a. Raftæki (053)
  - i. Kæliskápar, frystikistur, þvottavélar, þurrkarar, örbylgjuofnar, ryksugur,



saumavélar, hrærivélar, straujárn og viðgerðir þessara raftækja.

b. Sjónvörp, hljómflutningstæki, tölvur o.fl. (091)

i. Sjónvörp, hljómflutningstæki, tölvur o.fl.: Sjónvörp, útvörp, hljómflutningstæki, dvd-spilararar, myndbandstæki, myndavélar, myndbandsupptökuvélar, tölvur, prentarar og annar tölvu-búnaður og viðgerðir á tækjum í þessum flokki.

## **5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta**

a. Lyf og lækningavörur (061)

i. Lyf, vítamín, sjúkrakassar, plástur o.þ.h. Linsur, linsuvökvi, gleraugu, heyrnartæki, stoðtæki og fylgihlutir þeirra.

b. Heilsugæsla (062)

106

i. Heimilislæknar, sérfræðingar, tannviðgerðir, tannréttingar, rannsóknir og myndatökur, sjúkráþjálfun og endurhæfing. Sjúkrahús, heilsuhæli og sjúkrabílar.

## **6. Sími og fjarskipti**

a. Póstur og sími (081)

i. Póstburðagjald, símtæki, símaþjónusta, Internettengingar.

## **7. Menntun og dagvistun**

a. Menntun (101)

i. Grunnskólar, þar með talin tólmstundaheimili, framhaldsskólar, háskólar og endurmenntun tengd fyrri námi.

b. Leikskólar (1231)

c. Dagmæður (1232)

## **8. Veitingar**

a. Veitinga- og kaffihús (1111)

i. Matur og drykkur á veitingahúsum, aðgangseyrir á skemmtistaði, kaffihús, barir, skyndibitastaðir, tilbúnir réttir og samlokur, heitar pylsur og ís.

b. Mötuneyti (1112)

## **9. Önnur þjónusta fyrir heimili**

a. Tryggingar (124)

i. Húsnaðistryggingar, brunatryggingar, líftryggingar, slysatryggingar, ferðatryggingar.

b. Fjármálaþjónusta ó.t.a. (125)

i. Færslugjöld debetkorta og ávísana, ávísanahefti, lántökukostnaður, tilkynningagjöld, vanskilagjöld, gjöld vegna greiðslukorta, stimpilgjöld, þinglýsingar.

c. Önnur þjónusta ó.t.a. (126)

i. Skattframtalsaðstoð, ljósritunarkostnaður, prestþjónustugjöld, fasteignasala, vegabréf.

d. Heimilisþjónusta o.fl. (0562)

i. heimilishjálp, barnapírur, garðþjónusta og öll þjónusta sem keypt er á heimilisgrunni.

e. Hársnyrting, snyrting o.fl. (1211)

i. klipping, snyrting, nudd og ljósabekkir.

## **10. Tómstundir og afþreying**

a. Hljómplötur, diskar, myndbönd, filmur og spólur (0914)

b. Tómstundir, stærri tæki o.fl. (092)

i. Tjaldvagnar, bátar, utanborðsmótorar, seglbretti, líkamsræktartæki, hljóðfæri, hestar.

c. Tómstundavörur, leikföng o.fl. (093)

i. Leikföng og spil, leikjavörur og tæki sem tengd eru við sjónvarp, myndaalbúm, jólaskraut, afmælisvörur, blöðrur, föndur, íþrótt- og sportvörur, útivistarvörur, blóm og pottaplöntur, mold, áburður, blómapottar, jólatré, gæludýr, gæludýrafóður, gæludýravörur, gæludýrasnyrting, -þjálfun, -merking og -fóðrun.

d. Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti (094)

i. Aðgangseyrir að íþróttaleikjum, sundlaugum og golfvöllum, íþróttanámskeið, tónlistarnámskeið, tungumálanámskeið, tómstundanámskeið s.s. dansnámskeið, sundnámskeið, heilsurækt, veiðileyfi, kvikmyndasýningar, leikhús, tónleikar, vídeóleigur, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, hestamennska, filmuframköllun, happdrætti, getraunir, lottó.

e. Blöð, bækur og ritföng (095)

i. Bækur, námsbækur, bókaklúbbar, dagblöð og tímarit (innlend og erlend), stílabækur, möppur, ritföng.

f. Pakkaferðir (096)

i. Pakkaferðir þar sem keypt er fargjald, gisting, matur, bílaleigubíll o.þ.h. Bæði ferðir innanlands og til útlanda.

g. Gisting (112)

i. Hótel innanlands, bændagisting, tjaldstæði, leiga á sumarbústöðum, stúdentagarðar, heimavistir.

h. Áfengi (021)

i. Áfengi: Sterk vín, léttvín, bjór, malt, pilsner.

i. Tóbak (022)

i. Tóbak: Sígarettur, vindlar, reyktóbak, annað tóbak.

j. Skartgripir, klukkur og úr (1221)

i. Skartgripir, úr og klukkur

**11. Ökutæki og almenningsamgöngur**

a. Kaup ökutækja (071)

i. Bílakaup að frádeginni bílasölu, reiðhjóla- og bifhjóla-kaup, skráningagjöld, ryðvörn.

b. Rekstur ökutækja (072)

i. Varahlutir, viðgerðir, hjólbarðar, hreinsiefni, bensín, bifreiðaskoðun, stöðumælagjöld, ökukennsla, ökuskírteini.

c. Almenningsamgöngur

i. Strætisvagnafargjöld

**12. Annar ferðakostnaður 108**

a. Flutningar (073)

i. Leigubílafargjöld, rútufargjöld, flugfargjöld innanlands og til útlanda, ferjufargjöld innanlands.

**[13. Húsaleiga/reiknuð húsaleiga**

a. Greidd húsaleiga (0411)

b. Reiknuð húsaleiga (0421)

i. Reiknað endurgjald vegna afnota af eigin húsnæði. Reiknað út frá fasteignamati.

**14. Viðhaldskostnaður húsnæðis**

a. Viðhald og viðgerðir á húsnæði (043)

i. Efni og vinna vegna viðhalds húsnæðis. Einungis er miðað við minniháttar viðhald.

b. Annað vegna húsnæðis (044)

i. Sorphirðu-, holræsa- og vatnsgjald.

**15. Rafmagn og hiti**

a. Rafmagn og hiti (045)

i. Rafmagn til lýsingar, rafmagn til húshitunar, olúkynding, hitaveita.]<sup>27</sup>

---

<sup>27</sup> Áréttað er að þrír síðustu liðirniri í upptalningu útgjaldaflokka, liðir nr. 13-15, þ.e. liðirnir húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti eru ekki inni í íslensku neysluviðmiði eftir uppfærslu þess í maí 2012. Eru þeir tilgreindir til upplýsingar en hafðir innan hornklofa í upptalningunni.